

Breytingartillaga

við frumvarp til laga um dómstóla.

Frá Ólínu Kjerúlf Þorvarðardóttur, Bjarkeyju Olsen Gunnarsdóttur,
Helga Hrafní Gunnarssyni og Guðmundi Steingrímssyni.

1. Í stað orðsins „dómstólasýslunnar“ í 2. mgr. 3. gr. og sama orðs hvarvetna annars staðar í frumvarpinu komi, í viðeigandi beygingarfalli: dómsýslan.
2. 2. másl. 2. mgr. 12. gr. orðist svo: Frá þessu má þó víkja ef Alþingi samþykkir með tveimur þriðju hlutum greiddra atkvæða tillögu ráðherra um heimild til að skipa í embættið annan nafngreindan umsækjanda sem fullnægir að mati dómnefndar öllum skilyrðum til að hljóta skipun í embættið.